

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Ormsvöll á Hvolsvelli, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, gr. 26, samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 11. október 2007, breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Ormsvöll á Hvolsvelli, Rangárþingi eystra.

Breytingin fól í sér endurskoðun og tilfærslur á lóðamörkum, s.s. með sameiningu lóða auk þess að stofna minni lóðir upp úr stærri.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 36 lóðum, 29 lóðum fyrir athafnastarfsemi, einni lóð fyrir þjónustustarfsemi og sex lóðum sem eru blanda af hvoru tveggja.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 17. september 2008.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Rúnar Guðmundsson,**

byggingar- og skipulagsfulltrúi Rangárþings bs.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. september 2008